

KJARVAL

SS fremstir fyrir bragðið

SS Þorramatur í úrvali

Súr sviðasulta - Súr blóðmör - Súrir hrátsþungar - Súr tundabaggi - Súr lífrapylsa

198 KR. KG.
Lambasvið frosin

529 KR. STH.
Kátter síld 565 g

498 KR. STH.
Vestfiskur Hákarl

30% afsláttur

760 KR. KG.
Goða saltkjöt blandað

449 KR. PK.
Grillborgarar 4 í pk.

159 KR. STH.
Fanta appelsín 2 lítrar

189 KR. PK.
Homeblest 400 g

199 KR. STH.
Myllu jöklabrauð

300 g SETA

299 KR. STH.
Freschetta pizza Napoli Salami

599 KR. STH.
Home-Plus sokkabuxur

989 KR. PK.
VIP bleiur kaupauki fylgir með!

W499 KR. PK.
Weetabix 430 g

- Þín tilboð í Kjarval -

VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum



Þorrablót á Klaustri

Félagsheimilinu Kirkjuhvoli
Laugardaginn 31. janúar 2009

Húsið opnar kl. 20:00

Borðhald hefst kl. 21:00

Hljómsveitin Sólon leikur fyrir dansi.



Upplýsingar veitir

Gunnar Valdimarsson, 892-8663.

VÍSA VIKUNNAR

EYÐSLUSEMI

Bóndadagsgjöf?

Gjafabréf í nudd fyrir bóndann,

get sent í tölvupósti.

einnig krem fyrir allar
húðgerðir.

Lilja nuddari S:866 3060

Eyðslusöm er íslenzk þjóð,
allra gæða nýtur.
Ört í skulda safnar sjöð,
síðan væran hrýtur.

Höf. Valgeir Helgason prestur að Ásum í
Skaftártungu. F. 1903 að Litlasandi,
Borgarfjarðarsýslu.

Ný netverslun - www.fallegfot.com

Mikið úrval að nýjum og ódýrum fötum,
sendi um land allt.

SMÁUGLYSINGAR

3. TBL. 13. ÁRGANGUR FIMMTUDAGINN 22. JANÚAR 2009

Þorablót

Búnaðarfélag Dyrhólahrepps

Verður haldið á Ketilsstöðum laugardaginn 7. ferúar n.k.

Bændur skarti búast senn
borðin krásam hlöðum
Búnaðarfélagið býður enn
til blóts á Ketilsstöðum.



Svo þorsti ekki þjaki gest
þannig skapi vanda
heilraræð er höldum best
að hafa með sér landa.

Þriðju helgi þorra í ár
þá við komum saman,
ef ertu hvorki fúll né fár
fjarska verður gaman.



Í gömlu dönsu gólfi á
geysist kátur skari
í ljúfum dans er líklegt þá
þú lendir á k_____fari.

Þó kreppa sé og kuldatíð
þá kurteisi ég sýni,
úldinn hákarl ykkur býð
ásamt brennivíni.

Annállinn og annað grín
andan best mun kæta.
Ef ert' í stuði elskan mín
ættir þú að mæta.

Nánar auglýst síðar.

Munið að taka daginn frá.

Þorablótsnefndin

Nú pizzur verða bornar fram,
en í vökvann þarf að krækja.
Á föstu verður venju djamm,
en laugardag má sækja.

höf: óþekkur

Föstudagar: opið frá kl. 18:00 – 02:00,
eldhúsið til kl 21:00.



Á þorablótsdag Víkurbúa 24. janúar opnum við kl. 17:00
og höfum opið til kl. 19:00 fyrir barnapíupizzur út.

Halldórskaffi Sími: 487 - 1202

Ýmsar gátur

1. Hvað hafa kettir sem engin önnur dýr hafa?
2. Hvað hefur tvö höfuð, fjögur augu, sex lappir og skott?
3. Hvað er jafn stórt og fíll, en hefur enga þyngd?
4. Hvað er hærra án höfuðs en með það?
5. Hver er alltaf í kápu en aldrei í buxum?
6. Hvað hefur háls en engan haus?
7. Þrír menn voru á bát og það byrjaði að rigna. Aðeins tveir urðu blautir um hárið, afhverju?
8. Ég hef engin bein og enga fætur, en ef þú heldur á mér hita, mun ég bráðum ganga í burtu, hvað er ég?
9. Hversu marga steina geturðu sett í tómt box?
10. Hvað er svo viðkvæmt að það brotnar um leið og þú segir nafn þess?



1. Kettlinga
2. Kúreki á hesubaki
3. Skuggi flisins
4. Kodd
5. Bókin
6. Flaskan
7. Einn þeirra var skóllöttur
8. Egg
9. Bara einn, því eftir það er boxið ekki tómt lengur!
10. Þögnin

Mánuðurinn þorri byrjar í 13. viku vetrar (núna 19.- 25. janúar.). Þorri er fjórði mánuður vetrar að forníslensku tímatali og þegar hann byrjar er vetur hálfnaður. Nafnið á mánuðinum er þekkt frá því um tólfhundrað. Í gömlum ritum er talað um þorablót og var líklega opinber fagnaður til að halda upp á að vetur væri hálfnaður og farið væri að stytast í vorið. Bæði þorri og þorablót finnast í handritum frá tímum fyrir kristni töku og má þess vegna ætla að hér sé um heiðinn sið að ræða. Þorra er minnst í mörgum kvæðum og söngvum. Þá er þorra oft líkt við tröllslegan karl, stundum er hann grimmur og harður en stundum bara heimtufrekur og fýldur. En hvernig sem menn sáu Þorra átti að taka vel á móti honum, gefa honum góðar gjafir og veita vel í mat og drykk og taka á allan hátt vel á móti honum.

Stundum þótti rétt að syngja fyrir hann og leika ákveðna leiki. Ef ekki er sæmlega tekið á móti Þorra getur maður átt von á að hann hefni sín grimmilega. Sagt er að fólk hafi á þorranum sagt með morgunbænum sínum "Velkominn Þorri, vertu ekki mjög grimmur" Bændur áttu að fagna þorra með því að fara fyrstir á fætur og fara út á skyrtunni einni saman en vera berir að neðan. Þar áttu þeir að fara í aðra skálmína á brókum sínum en láta hina lafa á eftir sér. Svo áttu þeir að hoppa á öðrum fæti hringinn í kringum bæinn með skálmína lafandi á eftir sér og bjóða þorra velkominn til húsa. Seinna um daginn áttu bændur að taka á móti öðrum bændum og fagna með þeim þorra. Ef vel var tekið á móti Þorra gat hann verið mönnum góður og til eru sögur af því að hann hafi hjálpað fátæku fólki.

Atvinna í boði á Hjallatúni.

*Duglega og drifandi starfskraft/a vantar
í aðhlyningu á Hjallatún sem fyrst*

Vaktavinna starfshlutfall er 70% og 60% eða eftir samkomulagi.
Þarf að geta hafið störf sem allra fyrst.

Allar upplýsingar fást hjá Sigríði
í síma : 487-1348 eða 864-1348

Klausturbúar og nærsveitamenn!

Verðum á Kirkjubæjarklaustri dagana 26. jan. til 1. feb.

Pantið tíma í alla almenna snyrtingu
Upplýsingar í síma 861 9181

Heiðís Steinsdóttir snyrtifræðingur
og Þórhildur Karlsdóttir fótaaðgerðarfræðingur

Verðum á Skaftárvöllum 2 á Klaustri
geymið auglýsinguna

Einn góður.....

Hjá læknum

Guðrún fór í lækni skoðun á heilsugæslustöðina. Læknirinn byrjaði á að spyrja hversu þung hún væri og Guðrún sagðist vera 55 kg. Læknirinn lét hana þá stíga á viktina sem sýndi 94 kg. Næst spurði læknirinn hversu há Guðrún væri. 168 cm svaraði hún. Læknirinn bað hana að standa upp við vegg og mældi hana með þar til gerðu málbandi. Niðurstaðan var 155 cm. Því næst mældi læknirinn blóðþrýstinginn hjá Guðrúnu og tilkynnti henni að þrýstingurinn væri allt of hár. Nú var nokkuð fokið í sjúklinginn sem sagði æst í bragði: Já ertu eitthvað hissa á því. Þegar ég kom hingað var ég há og grönn og núna er orðin lítil og feit.....

FUNDARGERÐ SKAFTÁRHREPPS

Sveitarstjórn Skaftárhrepps fundar mánudaginn 12. janúar 2009. Fundur hefst kl. 1400 í ráðhúsi Skaftárhrepps. Þetta er 299. fundur sveitarstjórnar, 1. fundur ársins 2009.

Fundargerð er tölvuskrað af Bjarna Daníelssyni, sveitarstjóra.

Mættir undirritaðir sveitarstjórnarmenn. Sverrir Gíslason hefur boðað forföll og Gísli Kjartansson, varamaður, situr fundinn í hans stað.

Oddviti býður fundarmenn velkomna. Oddviti óskar eftir að tekið verði á dagskrá eftirfarandi: Sem liður I-14 fjárhagsáætlun Byggðasamlagsins Green Globe Mið-Suðurlandi fyrir 2009; Sem liður II-2 fundargerð 32. fundar æskulýðs- og íþróttanefndar 19. desember 2008; Sem liður IV-9 bréf frá heilbrigðisráðuneytinu 7. janúar 2009 varðandi áform um sameiningu heilbrigðisstofnana; Sem liður IV-10 bréf frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands 6. janúar 2009 um framlög sveitarfélaga til HES 2009; Sem liður IV-11 bréf samgönguráðuneytis 7. janúar 2009 um úrskurð í máli er varðar afslátt á fasteignaskatt elli- og örorkulífeyrisþega; Sem liður IV-12 auglýsing frá fjármálaráðuneytinu 17. desember 2008 um nýtt fasteignamat; Sem liður IV-13 upplýsingabréf (ódagsett, janúar 2009) frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um skilgreiningu á grunnþjónustu á svið fræðslumála, ásamt leiðbeiningum um forgangsröðun; Sem liður IV-14 upplýsingabréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga (ódagsett, janúar 2009) um grunnþjónustu á sviði félagsþjónustu sveitarfélaga; Sem liður IV-15 bréf frá Félagi tónlistarskólakennara 6. janúar 2009; Sem liður IV-16 drög, dags. 6. janúar 2009, að umsögn

Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til laga um fráveitur.

Þetta samþykkt.

Oddviti og sveitarstjóri greina frá gangi mála frá síðasta fundi.

Upplýst er að umhverfisnefnd hefur ákveðið að gefa nefndalaun sín fyrir 2008.

Síðan er gengið til dagskrár.

Dagskrá

1. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu.

1. Bókun samþykktar sveitarstjórnar frá 15. desember 2008 um heimild til hækkunar á yfirdráttarheimild sveitarfélagsins hjá viðskiptabanka.

Þann 15. desember 2008 samþykkti sveitarstjórn skriflega að veita heimild til tímabundinnar hækkunar á yfirdráttarheimild hjá kaupþingi úr 10 mkr í 30 mkr. Þetta staðfest.

2. Bókun samþykktar sveitarstjórnar frá 18. desember 2008 um hækkun útsvarsprósentu úr 13,03% í 13,28%.

Þann 18. desember 2008 samþykkti sveitarstjórn skriflega, með vísan til ákvörðunar stjórnvalda, að nýta að fullu heimild til hækkunar á útsvarsprósentu úr 13,03% í 13,28%. Með þessu fellur úr gildi fyrri ákvörðun sveitarstjórnar um óbreytt útsvar, en fullnýting heimilaðrar útsvarsprósentu er forsenda framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélags.

3. Bréf frá samgönguráðuneytinu 15. desember 2008: Heimild til að fresta skilum á fjárhagsáætlun 2009 til loka janúar.

Sveitarstjórn staðfestir móttöku bréfsins.

4. Fjárhagsáætlun 2009 - Síðari umræða. Sveitarstjórn samþykkir fyrirliiggjandi fjárhagsáætlun 2009 með smávægilegum breytingum. Eftirfarandi fyrirvarar er gerður: Ekki er enn fullvíst hverjar tekjur

sveitarfélagsins af framlögum Jöfnunarsjóðs verða á árinu og verðbólguþá hefur hækkað umfram það sem áætlun gerir ráð fyrir. Nauðsynlegt er að halda áfram aðgerðum til aðhalds og hagræðingar, m.a. í samstarfi við forsvarsmenn stofnana og nefnda sveitarfélagsins. Gætt verði aðhalds á öllum sviðum og m.a. verður nú þegar allri yfirvinnu á vegum sveitarfélagsins hætt nema þeirri sem fyrirfram er um samið. Stefnt er að því að endurskoða áætlunina eftir fyrsta ársfjórðung. Oddviti og sveitarstjóri munu funda með forsvarsmönnum stofnana og formönnum nefnda á næstunni. Gera verður ráð fyrir umtalsverðum niðurskurði við endurskoðun áætlunar auk þess sem þá þarf að meta þörf fyrir viðbótarlántöku vegna umframkostnaðar sem varð við byggingu íþróttamiðstöðvar á síðasta ári.

5. Bréf frá Kirkjubæjarstofu 27.11.2008: Umsókn um styrk v. verkefna 2009. Afgreiðslu frestað á síðasta fundi. Sótt er um styrk að upphæð 2 mkr vegna verkefna á árinu 2009. Sveitarstjórn samþykkir að veita styrk að upphæð 500.000 kr. Framlagið verði tekið af lið 13 í fjárhagsáætlun, atvinnumál. Ákvörðunin er háð endurskoðun fjárhagsáætlunar í lok fyrsta ársfjórðungs.

6. Bréf frá Landgræðslu ríkisins 02.11.2008: Beiðni um styrk v. verkefnisins Bændur græða landið. Afgreiðslu frestað á síðasta fundi. Sveitarstjórn samþykkir að veita 150.000 kr styrk til verkefnisins af lið 13 í fjárhagsáætlun, atvinnumál. Ákvörðunin er háð endurskoðun fjárhagsáætlunar í lok fyrsta ársfjórðungs.

7. Breyting á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar; Umsagnarbeiðni dags. 9. desember 2008.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við

fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

8. Bréf frá Stígamótum 28.11.08: Ósk um stuðning við starfsemina.

Sveitarstjórn samþykkir að veita ekki styrk að þessu sinni.

9. Dreifibréf frá Yrkjusjóði (ó dags.), desember 2008: Kynning og tilmæli. Sveitarstjórn staðfestir móttöku bréfsins.

10. Bréf frá Skipulagsstofnun 11. desember 2008: Svar við erindi Skaftárhrepps 24. nóvember sl. varðandi virkjun í Rauðá.

Sveitarstjórn staðfestir móttöku bréfsins. Erindinu hefur þegar verið vísað til skipulags- og byggingarnefndar.

11. Alrekstrarsamningur um tölvumál milli BVT ehf og Skaftárhrepps.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi samning.

12. Erindi frá Torfa Jónssyni og Bjarneyju Sigvaldadóttur 27-12-2008.

Sveitarstjórn tekur undir það sjónarmið bréfrítara að æskilegt sé að umræddar jarðir í Meðallandi nýtist til búskapar og mun koma því á framfæri við ráðuneytið.

13. Bréf frá Ragnari Jónssyni 6. janúar 2009.

Ragnar segir sig úr skipulags- og byggingarnefnd vegna flutnings lögheimilis. Sveitarstjórn þakkar Ragnari vel unnin störf í þágu sveitarfélagsins og óskar honum velfarnaðar á nýjum vettvangi. Sigurlaug Jónsdóttir tekur sæti Ragnars í nefndinni.

14. Fjárhagsáætlun Byggðasamlagsins Green Globe Mið-Suðurlandi fyrir 2009.

Sveitarstjórn samþykkir aðendurskoða þátttöku sína í byggðasamlaginu á árinu en ætla kr 150.000 til verkefnisins í fjárhagsáætlun að svo stöddu.

II. Fundargerðir til samþykktar.

1. 58. fundur skipulags- og byggingarnefndar 5. janúar 2009. Fundargerð samþykkt.

UMF KATLA.

Ákveðið hefur verið að blása að nýju til samkeppni um merki félagsins.

Áhugasamir sendi tillögur að merki og nafn sitt með í lokuðu umslagi.

Tillagan sendist á :

UMF KATLA, Suður Hvoll 871 Vík, fyrir 1. febrúar.

Áætlað er að kynna merki félagsins á aðalfundi þess sem fyrirhugaður er þann **12. febrúar nk.**, nánar auglýst síðar.

Sveinn Þorsteinsson hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og auglýsum við eftir áhugasömum félögum í stjórn.

Einnig stendur til að stofna foreldraráð innan félagsins og óskum við eftir tilnefningum í það. Sterkt foreldrastarf skiptir okkur öllu.

Stjórnin

Íþróttæfingar

Frjálsíþróttæfingar verða í íþróttahúsinu á Klaustri á **Þriðjudögum frá kl. 15:30-17:00** fyrir krakka á grunnskólaaldri.

Fyrsta æfingin verður **27. janúar** og eru ALLIR velkomnir.

Þessar æfingar eru krökkunum að kostnaðarlausu.

Þjálfari verður Harpa Ósk Jóhannesdóttir.

Æskilegt er að krakkarnir hafi með sér smá nesti þar sem æfingarnar hefjast strax að skóladegi loknum.

Vonumst til að sjá sem flesta.

Umf. Skafti



Folalda- og trippasýning

Vegna óviðráðanlegra orsaka verður áður auglýst folalda- og trippasýning sem halda á að Syðri Fljótum færð yfir á sunnudaginn 25. janúar og hefst kl.13.

Síðasti skráningardagur er fimmtudagurinn 22. janúar kl. 21.

Nánari upplýsingar og skráning er hjá:

Jóni Geir í síma 8655427 eða Kristínu Lár í síma 4874725.

Einnig er hægt að senda skráningu á netfangið hmf.kopur@gmail.com.

Nánari upplýsingar á www.hmf-kopur.bloggar.is

Stjórn Hestamannafélagsins Kóps

Íþróttamiðstöðin Kirkjubæjarklaustri:

Íþróttamiðstöðin Kirkjubæjarklaustri auglýsir eftir starfsfólki í sumar.

Um er að ræða vaktavinnu, unnið er á tvískiptum vöktum.

Starfið felst að stærstum hluta í sundlaugarvörslu og ræstingum .

Starfsmenn þurfa að standast hæfnispróf og hafa náð 18 ára aldri

Nánari upplýsingar veitir Sigmar í síma 4874656 eða 8641196.



2. 32. fundur æskulýðs- og íþróttanefndar 19. desember 2008. Fundargerð samþykkt.

III. Fundargerðir til kynningar.

1. Fundargerð 28. aðalfundar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands 20. nóvember 2008

2. 280. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands

3. 14. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu 11. desember 2008

4. 420. fundur stjórnar SASS 12. desember 2008

5. 759. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 12. desember 2008

6. 110. stjórnarfundur Skólaskrifstofu Suðurlands 19. nóvember 2008

7. 30. fundur barnaverndarnefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu 11. desember 2008

8. 29. fundur stjórnar Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu 17. desember 2008

IV. Annað kynningarefni.

1. Afrit af bréfi Skipulagsstofnunar til umhverfisráðuneytisins dags. 8. desember 2008 um breytingu á Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002-2014, v. Lakagíga

2. Tilkynning um þátttöku Langholts í Meðallandi í skógræktarverkefningu Suðurlandsskógum, dags. 15. des. 2008

3. Bréf frá EBÍ-Brunabót 12. desember 2008

4. Afrit af bréfi sveitarstjóra til vegamálastjóra 16. desember 2008

5. Ársskýrsla Heilbrigðisstofnunar Suðurlands fyrir starfsárið 2007

6. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Starfsskýrsla 2008

7. Jöfnunarsjóður: Tekjujöfnunarframlög 2008

8. Jöfnunarsjóður: Útgjaldajöfnunarframlög 2008

9. Bréf frá heilbrigðisráðuneytinu 7. janúar 2009 varðandi áform um sameiningu heilbrigðisstofnana

10. Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands 6. janúar 2009 um framlög sveitarfélaga til HES 2009

11. Bréf samgönguráðuneytis 7. janúar 2009 um úrskurð í máli er varðar afslátt á fasteignaskatti elli- og örorkulífeyrisþega

12. Auglýsing frá fjármálaráðuneytinu 17. desember 2008 um nýtt fasteignamat

13. Upplýsingabréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um skilgreiningu á grunnþjónustu á sviði fræðslumála, ásamt leiðbeiningum um forgangsröðun

14. Upplýsingabréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um grunnþjónustu á sviði félagsþjónustu sveitarfélaga

15. Bréf frá Félagi tónlistarskólakennara 6. janúar 2009

16. Umsögn (drög) Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til laga um fráveitur

V. Samþykkt fundargerðar / Fundarslit

Fundargerð lesin upp, samþykkt og árituð. Fundi slitið kl 18:30.

Næsti fundur er ráðgerður mánudaginn 9. febrúar 2009 og hefst fundurinn kl. 14:00.

Jóna S. Sigurbjartsdóttir, oddviti, E l í n Heiða Valsdóttir, varaoddviti, Gísli Kjartansson, Jóhannes Gissurarson, Þorsteinn M. Kristinsson.



Kvenfélag Hvammshrepps

Jæja þá er komið að **spilakvöldunum** okkar árlegu og eins og venjulega mun allur ágróði frá þeim renna til Björgunarsveitarinnar Víkverja.

Fyrsta kvöldið okkar verður fimmtudaginn **29. janúar** og munu þau öll hefjast **kl 19:50**, annað kvöldið verður fimmtudaginn **5. febrúar**, þriðja kvöldið verður fimmtudaginn **19. febrúar** og svo fjórða og síðasta kvöldið verður fimmtudaginn **26. febrúar**. Eins og það hefur verið munu hæstu þrjú kvöldin gilda. Við munum vera aftur á Halldórskafti.

Vonumst til að sjá bara sem flesta.

Mjög gott að komast aðeins út og lyfta sér upp í kreppunni.



Prjónakaffihúsið byrjar aftur á nýjan leik á nýju ári. Fyrstu kvöldin munu vera fimmtudaginn **22. janúar** og svo aftur **12. febrúar** og verða þau **kl. 20:30**. Og eins og fyrir áramót munum við vera á Halldórskafti og þiggjum veitingar hjá Kollu.



Og síðast en ekki síst er það **Þorrablót aldraðra** sem verður haldið laugardaginn **31. janúar kl 12** á hádegi og verður það einnig á Halldórskafti.

Við viljum vekja athygli á því að allir sem eru 60 ára og eldri eru velkomnir að mæta og eiga góða stund með okkur.

Menntun - nýsköpun - menning - rannsóknir Vettvangur skapandi samvinnu

Nú ætla starfsmenn Þekkingarsetursins Nýheima á Höfn ...þar sem stuðlað er að auknum lífsgæðum og því að gefa lífinu ríkara innihald að bregða sér af bæ og kynna fyrir okkur starfsemi sína

Kynningin fer fram á Geirlandi miðvikudaginn 28. janúar kl. 13-16

Við hvetjum íbúa og nærsveitamenn til að koma og heyra hvað þessir góðu grannar okkar í austri hafa fram að færa

Kirkjubæjarstofa

Þorrvísur

Þú ert að heilsa, þorri minn, þýður og hýr á brána. Við það hjá mjer vakna finn vors- og sumarþrána.

Oft varst þú með yglda brá, illa jafnan sjeður. Hverju er að þakka þá þetta blessað veður?

Þú hefur gleymt, þín gödduð spor greiptu líf í dróma. Þig hefur dreymt, þú værir vor vafið sólarljóma.

Hættu köldum hríðaglaum, hættu slysum valda. En láttu þig þennan dýrðardraum dreyma um aldir alda.

Höf: Herdís Andrésdóttir.

Hvað er þorramatur?

Áður en ísskápurinn kom til sögunnar urðu forfeður okkar að geyma mat á annan hátt en í kæli. Nú á dögum köllum við mat sem verkaður er með gömlum matvinnsluaðferðum þorramat því við neytum hans einkum á þorranum. Það eru samt ekki nema um 50 ár síðan að við höfum þorramatinn til vegs og virðingar á ný. Hér eru nokkur dæmi um vinsælan þorramat.

Hákarl Hákarlinn er fyrst kasaður eða kæstur. Þegar matur er kæstur þá er hann látinn gerjast og byrja að rotna. Með þessu fæst fram sterkt bragð sem sumt fólk er sólgjafi.

Svið Flestir hafa prófað að borða svið. Hausar kindanna eru sviðnir þ.e. allt háir er brennt af þeim. Þeir eru síðan þvegnir og soðnir.

Hrútsþungar Hrútsþungar eru í raun rangnefni því í dag snæða menn einungis eistun. Í gamla daga voru þau hins vegar geymd í þungunum sem höfðu verið rakaðir, sviðnir eða skafnir.

Bringukollar Bringur kindanna eru nú til dags hlutaðar í tvennt, soðnar og settar í mysu.

Lundabaggar Í hefðbundnum lundaböggum er lundunum innan úr hryggjum kindanna vafið inn í hreinsaða ristla og þindin saumuð utan um. Þetta var soðið, farg sett á og sett í súr.

Hangikjöt Allir þekjja hangikjöt. Hangikjötið er borðað allt árið um kring en þó einkum á jólnum

Og Lifrarpylsa - Blóðmör